




Varðar: Hringbraut 29 – framkvæmdaleyfi


Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. júní 2023 var lögð fram umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds um framkvæmdaleyfi fyrir nýja endastöð Strætó að Hringbraut 29 sem felst í snjóbræðslu og yfirborðsfrágangi þar sem strætóstæðum er komið fyrir. Einnig er lagt fram teikningasett VSÓ ráðgjafar, dags. í apríl 2023.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Breytt dsk., samþykkt 22. ágúst 2019



Yfirlitsmynd framkvæmda

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda 18. janúar 2022. Samkvæmt aðalskipulagi er lóð nr. 29-31 við Hringbraut staðsett á svæði fyrir samfélagsþjónustu S1 Háskóli Íslands.

Deiliskipulag: Fyrir svæði S19 Landakot er í gildi deiliskipulag, samþykkt 14. maí 2002 með síðari breytingum.


Lýsing á framkvæmd

Verkið felur í sér yfirborðsfrágang þar sem koma á fyrir snjóbræðslu á strætóstæðum.

Í því felst upprif á núverandi yfirborði, bæði malbik og hellulögn, lagningu snjóbræðslu og frágang yfirborðs fyrir strætóstæði, götu og gangstéttar með malbiki og nýrri hellulögn. Framkvæmdasvæðinu er skipt í tvö svæði þar sem seinna svæðið er hellulögð útkeyrsla yfir gangstétt.

Umsögn

Erindið er framkvæmdaleyfisskilt skv. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi, sbr. 1. mgr. 5. gr. sömu reglugerðar, þar sem um er að ræða nýjan veg, nýjan stíg/gangstétt Framkvæmdin telst umfangsmikil og felur í sér umtalsvert rask fyrir vegfarendur, íbúa og gesti götunnar auk þess að breyta ásýnd hennar og bæta.



Yfirlitsmynd framkvæmda

Framkvæmdatími: Framkvæmdatími hefst þegar verkkaupi hefur með formlegum hætti tekið tilboði verktaka. Í umsókn kemur fram að framkvæmdir muni hefjast um leið og leyfi fæst og muni standa yfir í 1-2 mánuði.

Niðurstaða

Ekki er lagst gegn því að veitt verði framkvæmdaleyfi fyrir umræddri framkvæmd á Hringbraut. Framkvæmdin er í samræmi við gildandi Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 um gæði byggðar, þ.e.a.s. ásýnd götummynda, hönnun og fegrun götusvæða og bætt aðgengi að þjónustu í hverfi. Framkvæmdin er jafnframt í samræmi við gildandi deiliskipulag þar sem fram kemur að fyrirkomulag bílastæða á lóðinni er ekki bindandi og getur breyst við nánari útfærslu.

Framkvæmdaleyfið er gefið út til eins árs frá útgefnum degi í samræmi við framkvæmdaáætlun. En verði á breytingar á áætlun, þ.e. ef framkvæmdir teyfjast að miklu leyti, þá þarf að sækja um endurnýjað framkvæmdaleyfi.

Framkvæmdarleyfið er háð eftirfarandi skilyrðum: Taka skal tillit til þess að einnig um íbúðarsvæði er að ræða og skal virða allar reglur og leiðbeiningar um vinnutíma, merkingar, hávaða og rask við íbúa götunnar og nærliggjandi svæða þannig að framkvæmdin valdi sem minnstu truflun og hægt er. Einnig skal tryggja að vinnusvæði sé snyrtilegt vegna viðkvæmrar staðsetningar þess. Setja þarf upp upplýsingaskilti við framkvæmdastað sem lýsir fyrirhugaðri framkvæmd á myndrænan hátt ásamt því að vera með upplýsingar um framkvæmdatíma og tengilið sem getur veitt nánari upplýsingar um framkvæmdina sjálfa. Áður en framkvæmdir hefjast þarf að upplýsa alla hagaðila næst framkvæmdastað bréflaga um framkvæmdina þar sem gerð er grein fyrir framkvæmdinni á uppdrætti henni lýst í stuttu máli og gefnar upp upplýsingar um upphaf framkvæmda og áætluð verklok.

Þar sem leyfishafi þarf að nýta borgarland við framkvæmdina, t.d. með því að setja upp girðingar, tæki o.fl. skal framkvæmdaleyfishafi afla framkvæmdaheimildar hjá skrifstofu borgarlands hjá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar. Jafnframt er farið fram á að gengið verði snyrtilega frá svæðinu að framkvæmdum loknum sem og ef framkvæmdir stoppast yfir lengri tíma í miðju verki.

Framkvæmdatíma skal lokið innan tilgreinds tíma og er minnt á að framkvæmdaleyfið fellur úr gildi hafi framkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá útgáfu þess, sbr. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Sigríður Lára Gunnarsdóttir, verkefnastjóri